

## Tillaga að ályktun um jarðgöng

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði ályktar að unnið skuli samhliða að undirbúningi og hönnun bæði Álftafjarðarganga og Suðurfjarðarganga á fyrsta áfanga nýrrar samgönguáætlunar og að framkvæmdir verði hafnar strax að hönnun lokinni.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Vesturbyggðar Páll Vilhjálmsson

### Greinargerð:

Hvers virði eru ályktanir og vinna sveitarstjórnarfólks á Vestfjörðum?

Þar sem fram eru komnar tvær ályktanir um að Álftafjarðargöng eigi að vera fyrsti forgangur í jarðgangnaframkvæmdum á Vestfjörðum teljum við eðlilegt að fara yfir fyrrum samþykktir fjórðungsþings ásamt því að rekja ástæður mikilvægi Suðurfjarðargangna.

Á 68. Fjórðungsþingi Vestfirðinga var samþykkt ályktun sem er í samræmi við þá sem nú er lögð fram. Niðurstaðan var afrakstur mikilla umræðna og vinnu kjörinna fulltrúa á þinginu.

Á 66. Fjórðungsþingi Vestfjarða var kynnt skýrsla samgöngunefndar Fjórðungssambandsins, þar sem niðurstöður valkostagreiningar voru lagðar fram.

Niðurstaðan var eftirfarandi:

- Valkostagreining sveitarfélaga forgangsraðar verkefnum með áherslu á tengingu innan atvinnusvæða á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Þrjú jarðgöng; Álftafjarðargöng (lengri valkostur), Hálfán og Miklidalur eru því fyrsti valkosturinn í jarðgangakostum.

Í Jarðgangaáætlun Vestfjarða, sem gefin var út árið 2021, eru Álftafjarðargöng og Suðurfjarðargöng sett í forgang, en ekki er talin ástæða til að forgangsraða þeim frekar.

Ástæða þess að ekki hefur verið hægt að forgangsraða þessum tveimur jarðgangakostum er m.a. sú að um mjög ólíka hagsmuni er að ræða, og munu þessi göng aldrei nýtast öllum Vestfirðingum vegna staðsetninga þeirra. Því er ekki hægt að gera kröfu til Vestfirðinga að önnur séu sett ofar hinum í forgangsröðun. Við höfnum því algjörlega að ekki sé hægt að vinna að undirbúningi og framkvæmd á tveimur eða fleiri verkefnum á sama tíma.

Árið 2024 sameinuðust sunnanverðir Vestfirðir í eitt sveitarfélag, Vesturbyggð. Fjallvegirnir Miklidalur og Hálfán liggja milli byggðakjarnanna Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals, og eru þeir allir innan sama sveitarfélags. Svæðið er eitt heildstætt búsetu-, þjónustu- og atvinnusvæði, og myndu jarðgöng undir Miklidal og Hálfán gjörbreyta búsetuskilyrðum, auk

Þess að auka búsetufrelsi íbúa Vesturbyggðar. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem íbúar búa í einum byggðakjarna en stunda atvinnu og sækja þjónustu í öðrum.

- Hálfán er einn hæsti fjallvegur landsins, liggjandi í 500 metra hæð yfir sjávarmáli.
- Mikladalur er fjölfarnasti fjallvegur Vestfjarða og getur verið „veðravíti“. Vegahalli þar er á köflum 12%, sem er langt umfram viðmið.
- Heilbrigðisstofnunin er staðsett á Patreksfirði og getur aðgangur að læknum og annarri neyðaraðstoð verið mjög takmarkaður yfir vetrartímann.
- Rúmlega 80% íbúa veigra sér við að fara á milli byggðakjarna, og finna fyrir miklum kvíða vegna samganga. Hlutfall kvenna sem finna fyrir kvíða við þessar aðstæður er töluvert hærra en karla.
- Á árunum 2018–2022 var veginum um Hálfán lokað í 77 skipti, og um Mikladal í 93 skipti vegna ófærðar, slysa, óveðurs eða stórhriðar. Í því samhengi er það ítrekað að þessir vegir eru innan sama sveitarfélags og einu samgönguleiðir á milli byggðakjarna Vesturbyggðar.
- Vegirnir um Hálfán og Mikladal hafa verið dæmdir ónýtir af Vegagerðinni, bæði vegna ónýts burðarlags og slits á klæðningu.
- Gríðarlegur útflutningur er af svæðinu og mikill þungaflutningur sem fer um þessa vegi.

Engin jarðgöng eru á sunnanverðum Vestfjörðum, þrátt fyrir að á Vestfjörðum sé að finna nokkur jarðgöng, en öll eru þau staðsett á norðanverðum Vestfjörðum.